



Málsnr.: MSS 22020161
Skjalasafn Ráðhúss
14. okt. 2024
Bréfalykill: 04.01

Reykjavíkurborg
B.t. mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Dagsetning

7. október 2024

Málsnúmer

FRN24090001

Breytingar á reglum nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið vísar til erindis mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar til ráðuneytisins, dags. 24. ágúst sl., í tengslum við breytingar á reglum nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða.

Í ráðuneytinu er um þessar mundir unnið að því að endurskoða í heild sinni reglur nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Meginástæður endurskoðunarinnar eru þær breytingar sem orðið hafa á vinnumarkaði frá því að framangreindar reglur tóku gildi sem og gildistaka laga nr. 80/2019, um kynrænt sjálfræði.

Ráðuneytið telur mikilvægt að fá fram sjónarmið ólíkra aðila við endurskoðun á fyrrnefndum reglum með viðtæku samráði og hefur því haldið samráðsfundi með aðilum vinnumarkaðarins, þar með talið Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sem og Samtökunum '78 og Trans Íslandi. Auk þess hefur ráðuneytið verið í samráði við Vinnueftirlit ríkisins en stofnunin fer með eftirlit á grundvelli reglnanna. Gerir ráðuneytið ráð fyrir áframhaldandi samráði eftir því sem vinnunni vindur fram.

Ráðuneytið leggur áherslu á að ljúka við endurskoðun á reglum um húsnæði vinnustaða eins fljótt og kostur er en vinnan hefur tafist vegna mikilla anna í ráðuneytinu undanfarin misseri.

F.h. ráðherra


Bjarnheiður Gautadóttir


Margrét Gunnarsdóttir